



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/1149
komudagur 26.2.2004

Reykjavík 16.2. 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, 480 mál.

Með frumvarpinu er leidd í lög hér á landi tilskipun 98/49/EB.

Í 6.gr. tilskipunar 98/49/EB segir: "Iðgjöld launþega sem starfa utan aðalstöðva, eða fyrir hönd þeirra, til viðbótarlífeyriskerfa 1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að launþegar, sem starfa utan aðalstöðva og eiga aðild að viðbótarlífeyriskerfi, sem stofnað er í einu aðildarríki, geti haldið áframað greiða, eða að greiða megi fyrir þeirra hönd, iðgjöld til slíks kerfis á starfstíma sínum utan aðalstöðva í öðru aðildarríki. 2. Ef greiðslu iðgjalda til viðbótarlífeyriskerfis er haldið áfram samkvæmt 1. mgr. er launþegi sem starfar utan aðalstöðva og vinnuveitandi hans, eftir því sem við á, undanþeginn allri skyldu til að greiða iðgjöld til viðbótarlífeyriskerfis í öðru aðildarríki."

Samkvæmt þessu tekur 6.gr. tilskipunarinnar til útsendra starfsmanna. Um útsenda starfsmenn er fjallað í lögum nr. 54/2001 en þar segir: "Þegar fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laga þessara gildir eftirfarandi löggjöf um starfskjör hans, og reglur settar á grundvelli hennar, án tillits til erlendra löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis: 1. Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma. "

Til þess að innleiða þetta ákvæði er lagt til að við lögin nr. 129/1997 um lífeyrissjóði bætist ný grein, gr. 19.a. sem hljóði svo: "Launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skal heimilt að greiða til lífeyriskerfis með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Ef greiðslu iðgjalda til slíks lífeyriskerfis er haldið áfram skv. 1. másl. er launþegi sem starfar utan höfuðstöðva og vinnuveitandi hans undanþegnir allri skyldu til að greiða iðgjöld til sambærilegs lífeyriskerfis hér á landi....."


Samkvæmt þessu tryggir hin nýja grein 19.a. sbr. greinargerð með henni, útsendum starfsmönnum hér á landi rétt til þess að halda áfram greiðslu til viðbótarlífeyristrygginga sem falla utan reglugerðar 1408 í heimaríki sínu meðan þeir eru að störfum hér á landi og losar launagreiðendur þeirra um leið undan skyldu til þess að greiða til slíkra sjóða hér á landi.

Frumvarpið virðist því að þessu leiti fela í sér fullnægjandi innleiðingu á 6 og 7.gr. tilskipunar 98/49/EB og ekki ástæða til sérstakra athugasemda þar að lútandi.

Á hinn bóginn vantar á að ákvæðið kveði skýrt á um, að íslenskir útsendir starfsmenn sem sendir eru til starfa í öðrum ríkjum á EES-svæðinu sé heimilt að halda áfram greiðslu til íslenskra séreignasjóða. Raunar er það svo að lög 129/1997 eru ekki bundin við íslenskt yfirráðasvæði heldur hitt að unnið sé skv. íslenskum kjarasamningum, hvort heldur vinnan er framkvæmd hér á landi eða á EES-svæðinu tímabundið. Gera mætti lítilháttar breytingar á gr. 19.a. þ.a. að enginn vafi leiki hér á, t.d. þannig:

"Launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skal heimilt að greiða til lífeyriskerfis með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Hið sama á við um launþega í fyrirtækjum sem hafa höfuðstöðvar hér á landi og sem sendir eru til starfa í öðrum aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ef greiðslu iðgjalda til slíks lífeyriskerfis er haldið áfram skv. 1. málsl. er launþegi sem starfar utan höfuðstöðva og vinnuveitandi hans undanþegnir allri skyldu til að greiða iðgjöld til sambærilegs lífeyriskerfis í því aðildarríki sem hann er sendur til starfa í hér á landi....."

F.h. Alþýðusambands Íslands,



Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 130/1129
komudagur 25. 2. 2004

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 24. febrúar 2004
Tilv. FLE 2-2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Málefni: Frumvarp til laga um skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál, EES-reglur, fjárfestingar o.fl.

Með bréfi dags. 11. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
formaður

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar.
Frá: Fjármálaeftirlitinu.

I. Inngangur.

Eftirfarandi minnisblað er tekið saman í framhaldi af fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 25. mars sl. og í tilefni af álitserð Lex lögmannstofu, dags. 9. desember 2003, fyrir Kauphöll Íslands hf. um túlkun á 36. gr. laga nr. 129/1997 og rökum með og móti því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða séu skráð í kauphöll. Af lestri álitserðarinnar virðist sem ýmis misskilningur séu uppi um efni laganna. Verða helstu atriði sem Fjármálaeftirlitið telur rétt að svara tíunduð hér á eftir.

Fjármálaeftirlitið ítrekar jafnframt eins og fram kom á framangreindum fundi að neðangreind túlkun Fjármálaeftirlitsins stendur og Fjármálaeftirlitið hefur ekki í hyggju að breyta henni. Ekki ber að líta á umsögn Fjármálaeftirlitsins frá 26. febrúar sl. og minnisblað þetta sem beiðni um lagabreytingu en í ljósi þess að nefndin hefur til umfjöllunar breytingar á 36. gr. laga nr. 129/1997 taldi Fjármálaeftirlitið rétt að vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því að skiptar skoðanir hafa verið uppi um það hvernig beri að túlka 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna með hliðsjón af 2. mgr. 36. gr.

II. Ákvæði 2. mgr. 36. gr., sbr. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Í 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna kemur fram að lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteinum skal skipt á aðra töluliði málgreinarinnar með tilliti til takmarkana í 2.-6. mgr.

Í 2. mgr. 36. gr. er kveðið á um að verðbréf skv. 1., 2. og 5-8. tölul. 1. mgr. skuli hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum verðbréfamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur túlkað framangreind ákvæði laganna á þann hátt að sé verðbréfasafn að baki hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða skráð sé ákvæði 2. mgr. 36. gr. uppfyllt sem kveður á um að verðbréf skv. 1., 2. og 5-8. tölul. 1. mgr. skuli hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í álitserðinni er því m.a. haldið fram að fyrirmæli 7. tölul. 1. mgr. 36. gr., um að verðbréfasafni að baki hlutdeildarskírteinum skuli skipt á aðra tölul. 1. mgr. með tilliti til takmarkana í 2. – 6. mgr., sé almenn ákvæði gagnvart ákvæðum 2. – 6. mgr., sem mæli skýrlega fyrir um annað, eins og þar er komist að orði. Víki því fyrirmæli 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. um uppskiptingu eigna fyrir 2. mgr. 36. gr. þess efnis að verðbréf skv. 1., 2. og 5-8. tölul. skuli hafa skráð kaup- og sölugengi.

Virðist því sem í álitserðinni sé m.a. talið að ef hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins séu skráð skipti ekki máli hvort undirliggjandi verðbréf hans séu skráð og því þurfi ekki skipta þeim upp á aðra töluliði 1. mgr. með tilliti til þess hvort hin undirliggjandi verðbréf séu skráð eða ekki.

Framangreinda túlkun, sem er þó ekki skýr að öllu leyti, verður að telja ranga. Í 7. tölul. 1. mgr. er kveðið skýrt á um að verðbréfasafni í verðbréfasjóði skuli skipt upp á aðra tölul. 1. mgr. með tilliti til allra þeirra takmarkana sem koma fram í 2.-6. mgr.

Hér undir fellur að sjálfsögðu að eignum verðbréfasjóðs skuli skipt upp með tilliti til skráningar (2. mgr.).

Ennfremur verður að telja að ástæða þess að kveðið er á um uppskiptingu undirliggjandi eigna verðbréfasjóða sé til þess að geta metið hvort þau takmörk sem koma fram í 2. - 6. mgr. 36. gr. laganna séu virt. T.d. varðandi hlutfall af skráðum (2. mgr.) eða óskráðum verðbréfum (3. mgr.), 50% hámarkshlutfall af hreinni eign í einstökum tegundum verðbréfa (4. mgr.) og reglu um samanlagða eign í verðbréfum útgefnum af sama aðila (5. mgr.). Í því efni verður m.a. að horfa til uppbyggingar greinarinnar og verður að telja að regla 2. mgr. sé þar grundvallarskilyrði sem eftirfarandi málsgreinar byggja á.

III. Ákvæði 3. og 4. mgr. 36. gr., sbr. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Í álitserðinni er vikið að því að röksemdir álitsgjafa vegna 2. mgr., sbr. II. kafla hér að framan, fái stoð í því að í 3. mgr. 36. gr. (heimild til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum að ákv. marki – 10%) og í 4. mgr. 36. gr. (50 % hámark í einstökum tegundum verðbréfa) *séu verðbréf skv. 7. tölul., þ.e. hlutdeildarskírteini, ekki sérstaklega tilgreind.* Því er haldið fram að því er varðar 3. og 4. mgr. að þar myndi því reglan sem komi fram í 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. gilda.

Virðist sú ályktun vera dregin í álitserðinni að fyrirmæli 7. tölul., um uppskiptingu eigna verðbréfasjóða á aðra tölul. 1. mgr. með tilliti til takmarkana 2.-6. mgr., eigi ekki við um 2. mgr. þar sem 7. tölul. er tilgreindur í 2. mgr. Jafnframt virðist sú ályktun vera dregin að uppskiptingarregla 7. tölul. eigi við um 3. og 4. mgr. þar sem 7. tölul. er ekki getið þar.

Fjármálaeftirlitið telur að hér sé um ranga túlkun sé að ræða og misskilning á ákvæðum 36. gr. Eins og áður hefur komið fram kveður 7. tölul. skýrt á um að það skuli skipta undirliggjandi eignum verðbréfasjóða upp á aðra tölul. 1. mgr. með tilliti til þeirra takmarkana sem koma fram í 2.-6. mgr. Fjármálaeftirlitið getur ekki fallist á að 2. mgr. sé þar sérstaklega undanskilin.

Fjármálaeftirlitið telur ljóst að ástæða þess að 7. tölul. 1. mgr. er ekki getið í 3. og 4. mgr. 36. gr. sé sú að það er byggt á uppskiptingarreglunni og það er horft í gegnum verðbréfasjóðinn og það eru undirliggjandi eignir hans sem skipta máli þegar metið er t.d. hlutfall af leyfilegum fjárfestingum í óskráðum verðbréfum og þegar metið er hlutfall af hreinni eign sjóðs í einstökum tegundum verðbréfa. Hér skiptir meginmáli að 3. mgr. vísar til 2. mgr. og verður að telja að 3. mgr. byggi á því að þegar sé búið að skipta undirliggjandi eignum upp skv. 2. mgr. og lífeyrissjóði sé þar af leiðandi heimilt að eiga 10% af hreinni eign sinni í óskráðum verðbréfum sem eru talin upp í 1., 2., 5., 6. og 8. tölul. 1. mgr. 36. gr.

Varðandi 4. mgr. má jafnframt taka það dæmi að hrein eign lífeyrissjóðs má aldrei vera hærri en t.d. 50% í hlutabréfum og 50% í skuldabréfum banka. Sú takmörkun, þ.e. 50% takmörkunin, á hins vegar ekki við um verðbréfasjóði þar sem 7. tölul. er ekki getið í 4. mgr. Eign lífeyrissjóðs gæti því verið 100% af hreinni eign í verðbréfasjóðum þar sem það eru undirliggjandi eignir hans sem skipta máli þegar 50% takmörkunin á einstökum tegundum verðbréfa er metin.

Kauphöll Íslands hefur ennfremur talið að þar sem 7. tölul. sé ekki getið í 3. mgr. 36. gr., sé lífeyrissjóðum aldrei heimilt að fjárfesta í óskráðum verðbréfasjóðum, sbr. bréf dags. 9. sept. 2003. Með hliðsjón af framansögðu verður ennfremur að telja að sú túlkun fái ekki staðist.

IV. Röksemdir í álitserð Lex lögmannstofu fyrir því að hlutdeildarskírteini séu skráð á skipulegum markaði.

Í álitserðinni er vikið að röksemdum fyrir því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða séu skráð í kauphöll. Er m.a. talið að eftirlit með fjárfestingum lífeyrissjóða verði auðveldara ef hlutdeildarskírteini séu skráð og þurfi þá ekki að fylgjast með því hvort undirliggjandi verðbréf verðbréfasjóðs séu skráð. Bent er á að eignir verðbréfasjóða í óskráðum verðbréfum geti verið nokkuð breytilegar innan þeirrar fjárfestingastefnu sem sjóðurinn hefur sett sér og eigi þetta sérstaklega við um erlenda sjóði.

Vegna þessarar röksemdar vísast til þess sem segir í köflum II. og III. hér að framan en af þeirri umfjöllun er ljóst að lögin gera klárlega ráð fyrir því að undirliggjandi verðbréfum verðbréfasjóða skuli skipt upp m.a. með tilliti til þess hvort þau séu skráð eða ekki. Skráning hlutdeildarskírteina myndi ekki breyta neinu þar um. Auk þess hefur skráning verðbréfasjóða ekki haft neina þýðingu varðandi eftirlit Fjármálaeftirlitsins með fjárfestingum lífeyrissjóða.

Í framangreindri álitserð kemur jafnframt fram að mikilvægur þáttur í eftirliti með fjárfestingum lífeyrissjóða sé fólgin í eftirliti sjóðfélaga. Í álitinu kemur fram að sjóðfélagar gætu frekar fylgst með því hvort viðkomandi sjóður færi að lögum um fjárfestingar ef gerð væri krafa um að hlutdeildarskírteini væru skráð.

Fjármálaeftirlitið telur ekki fram komin nægilega rök fyrir því að sjóðfélagar í lífeyrissjóðum séu betur upplýstir ef hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru skráð í kauphöll. Í lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er m.a. kveðið á um skyldu til útgáfu útboðslýsingu verðbréfasjóðs þar sem m.a. fjárfestingastefna er birt og aðrar nauðsynlegar upplýsingar fyrir fjárfesta. Í framangreindum lögum og reglugerð nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er kveðið á um hvernig innlausnarvirði verðbréfasjóðs skuli reiknað út daglega og opinbera birtingu þess auk reglna um innlausnarskyldu. Fjármálaeftirlitið fær ekki séð hvernig þær takmörkuðu upplýsingar sem birtar eru í Kauphöll Íslands um skráða verðbréfasjóði nýtist sjóðfélögum til að hafa eftirlit með því að lífeyrissjóðir fari að lögum um fjárfestingar. Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að verðbréfasjóðir fari að lögum og framfylgi eigin fjárfestingastefnu. Að því er varðar erlenda verðbréfasjóði hafa erlend eftirlitsstjórnvöld eftirlit með fjárfestingum þeirra.

Í álitserðinni er m.a. talið að það geti verið til hagsbóta fyrir eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum að verð myndist á markaði með hlutdeildarskírteini. Vegna þess skal t.d. bent á að skv. tilskipun 85/611/EB sem hefur verið innleidd í lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er gengið út frá þeirri meginreglu að þrátt fyrir skráningu verðbréfasjóða í kauphöll skuli gerðar ráðstafanir sem tryggja að kaup- og sölugengi sé sem næst reiknaðu innlausnarvirði verðbréfasjóðs. Skráning hlutdeildarskírteina á því ekki að hafa í för með sér sjálfstætt markaðsverð óháð innlausnarvirði verðbréfasjóðs þótt einhver munur geti orðið þar á.

Tekið skal fram að Fjármálaeftirlitið leggst ekki gegn því að hlutdeildarskírteini séu skráð á skipulegum markaði. Með hliðsjón af framangreindu þá fær Fjármálaeftirlitið hins vegar ekki séð að nægileg rök hafi komið fram fyrir því að aukið gegnsæi leiði af því að hlutdeildarskírteini hafi skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði og það sé sérstaklega til þess fallið að vernda hagsmuni eigenda og þar með talið sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum.

Þá skal það ítrekað sem fram kemur í köflum II. og III. hér að framan að Fjármálaeftirlitið telur ekki að fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, að því er varðar verðbréfasjóði skv. 7. tölul. 1. mgr., séu háðar því að hlutdeildarskírteini þeirra hafi skráð kaup- og sölugengi heldur skipti máli hvort hinar undirliggjandi eignir verðbréfasjóða séu skráðar eða ekki. Þar skiptir uppskiptingarreglan höfuðmáli og enn fremur varðandi aðrar takmarkanir 36. gr.

Þ.Þ. 26.03.04.

Alþingi
Erindi nr. P 130/1188
komudagur 27.2.2004

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

26. febrúar 2004

Tilvísun: 2004020040

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál.

I. Inngangur.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 480. mál.

Fjármálaeftirlitið styður meginefni frumvarpsins. Í frumvarpinu er annars vegar brugðist við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA vegna fyrirkomulagi á viðbótarlífeyrissparnaði ásamt innleiðingu á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja. Hins vegar eru lagðar til breytingar á 36. gr. laganna er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

II. EES réttur.

Vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA á fyrirkomulagi á viðbótarlífeyrissparnaði ásamt innleiðingu á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja, gerir Fjármálaeftirlitið engar athugasemdir.

III. Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

i. Fjárfestingarsjóðir.

Fjármálaeftirlitið lýsir sig efnislega sammála þeim breytingum sem gerðar eru á 36. gr. laga nr. 129/1997 með 4. gr. frumvarpsins. Leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að óbreyttum lögum væri lífeyrissjóðum óheimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Fjárfestingar í fjárfestingarsjóðum myndu því ýmist falla undir 6. tölul. eða 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. þar sem eru þrengri takmarkanir heldur en eiga við um fjárfestingar í verðbréfasjóðum. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga nr. 30/2003 merkir hugtakið verðbréfasjóður m.a. sjóð með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

svokallaðir UCITS sjóðir. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. sömu laga merkir hugtakið fjárfestingarsjóður m.a. sjóð án heimildar til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. svokallaðir heimasjóðir sem hafa mun rýmri fjárfestingarheimildir heldur en UCITS sjóðir. Með frumvarpinu er lífeyrissjóðum gert kleift að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, með svipuðum hætti og verðbréfasjóðum en fjárfestingarsjóðir eru ný tegund af starfsleyfisskyldum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu hérlendis með rúmar fjárfestingarheimildir. Í frumvarpinu er ítarleg umfjöllun um hugtökin verðbréfasjóður og fjárfestingarsjóður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tvenns konar takmörkunum vegna fjárfestinga lífeyrissjóða í fjárfestingarsjóðum skv. lögum nr. 30/2003. Annars vegar að lífeyrissjóði sé óheimilt að eiga meira en 15% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum fjárfestingarsjóðs, sbr. d lið 4. gr. frumvarpsins. Hins vegar að lífeyrissjóðum sé ekki heimilt skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu, sbr. e lið 4. gr. frumvarpsins. Tillögur að framangreindum takmörkunum eru frábrugðnar takmörkunum vegna fjárfestinga í verðbréfasjóðum þar sem fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir en verðbréfasjóðir auk þess sem þeim er heimilt að fjármagna sig með lántöku eða skortsölu, en verðbréfasjóðum ekki. Til samanburðar skal bent á að lífeyrissjóðum er óheimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs.

Fjármálaeftirlitið leggur megináherslu á síðari takmörkunina, þ.e. að lífeyrissjóðum verði ekki heimilt skv. 7. tölul. 36. gr. að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu. Þetta er mikilvægt þar sem lífeyrissjóðum yrði ella gert auðvelt að fara fram hjá takmörkunum 3. mgr. 38. gr. laga nr. 129/1997, sem setur lántökum verulegar skorður, sbr. umfjöllun frumvarpsins. Fyrri takmörkunin, að lífeyrissjóði sé óheimilt að eiga meira en 15% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum fjárfestingarsjóðs, sem setur lífeyrissjóðum þrengri skorður um fjárfestingar í fjárfestingarsjóðum heldur en verðbréfasjóðum, er ekki eins mikilvæg að mati Fjármálaeftirlitsins. Þ.e.a.s. ef fallist verður á fyrrnefnda takmörkun vegna fjárfestingarsjóða sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu auk þess sem horft verði í gegnum fjárfestingarsjóði skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. og þar af leiðandi eigi aðrar takmarkanir 36. gr. við eins og um verðbréfasjóði.

ii. Erlendir sjóðir.

Fjármálaeftirlitið vill ennfremur benda á að í a lið 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða *samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði*. Eins og áður hefur verið vikið að merkir hugtakið verðbréfasjóður (UCITS) sjóð með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og getur það því tekið til innlendra og erlendra UCITS sjóða. Fjárfestingarsjóðir eru hins vegar sjóðir sem eingöngu hafa starfsleyfi hérlendis þ.e. svokallaðir heimasjóðir.

Fjármálaeftirlitið hefur, eftir framlagningu frumvarpsins, fengið ábendingar um að framangreind tilvísun til laga nr. 30/2003 kunnir að takmarka fjárfestingar í öðrum erlendum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, t.d. heimasjóða í löndum Evrópska efnahagssvæðisins og sjóða um sameiginlega fjárfestingu utan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. í Bandaríkjunum eða Asíu. Fjárfestingarheimildir slíkra sjóða geta hins vegar verið með mjög misjöfnum hætti, allt frá því að vera sambærilegar og í verðbréfasjóðum (UCITS) annars vegar og með litlar sem engar takmarkanir hins vegar t.d. vegna lántöku og skortsölu.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Jafnframt er misjafnt hvort erlendir sjóðir gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf og ennfremur hvort þeir séu "open ended" þ.e. veita stöðugt viðtöku fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar eða hvort þeir séu "closed end" þ.e. gefa út fast ákveðið magn hlutafjár og þurfa að fara í nýtt hlutafjárútboð til að auka við fjárfestingar. Síðastnefndu sjóðirnir uppfylla t.d. ekki ákvæði UCITS tilskipunarinnar.

Mismunandi tegundir og rekstrarform erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu annarra en UCITS sjóða hafa valdið nokkrum erfiðleikum við að meta undir hvaða töluliði 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 fjárfestingar í sjóðunum skuli falla, þ.e. hvort 6., 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. eigi við. Fjármálaeftirlitið bendir jafnframt á í því samhengi að lífeyrissjóðir hafa vegna erlendra sjóða átt erfitt með að fullnægja áskilnaði 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. um að horft skuli í gegnum sjóð vegna annarra takmarkana 36. gr. Fjármálaeftirlitið bendir auk þess á að lögin hafa ekki sérstaklega kveðið á um fjárfestingar í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum (UCITS) og hafa þær því fallið undir fjárfestingar í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum (6. og 8. tölul.). Fjármálaeftirlitið telur hins vegar ekki ástæðu til að útiloka fjárfestingar í slíkum sjóðum en telur jafnframt eðlilegt, með hliðsjón af öllu framangreindu, að það gildi aðrar og þrengri takmarkanir um fjárfestingar í erlendum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, öðrum en UCITS sjóðum, auk þess sem að ekki yrði horft í gegnum þá eins og á aftur á móti við um sjóði skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr.

Í umræðum um framangreint hefur því komið til tals hvort æskilegt væri að um alla aðra erlenda sjóði um sameiginlega fjárfestingu heldur en UCITS sjóði gildi ein sambærileg regla og að þeir myndu lúta sömu takmörkunum og gilda um hlutabréf. Jafnframt myndi sambærileg regla gilda um innlenda fjárfestingarsjóði sem fullnýta heimildir sínar samkvæmt lögum nr. 30/2003, m.a. til lántöku og skortsölu. Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að koma að nánari útfærslu þessa sé þess óskað.

Í þessu samhengi vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að það teldi t.d. ekki æskilegt ef kveðið væri á um í 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. að lífeyrissjóðir mættu jafnframt fjárfesta í "öðrum sambærilegum erlendum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu". Slíkt fyrirkomulag myndi gera það að verkum að Fjármálaeftirlitið þyrfti að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort um sambærilegan sjóð væri að ræða sem verður að telja illframkvæmanlegt að því er varðar aðra sjóði en UCITS sjóði.

iii. Innlán.

Í frumvarpinu er ennfremur gert ráð fyrir því að lífeyrissjóði sé óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánnum sama banka eða sparissjóðs. Vegna þessa vekur Fjármálaeftirlitið athygli á umræðuskjali þess nr. 13/2002 um heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í innlánnum sama aðila og túlkun á 5. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Í umræðuskjalinu kemst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að rök hnigi til þess að túlka beri 5. mgr. 36. gr. með þeim hætti að takmarkanir 5. mgr. 36. gr. nái einnig til innlána. Með hliðsjón af því þyrfti að dreifa innlánnum á 10 aðila.

Fjármálaeftirlitið getur hins vegar fallist á að sú takmörkun sé óþarflega þröng og auk þess vandkvæðum bundið að dreifa innlánnum á 10 aðila í ljósi þess hversu fáar innlánsstofnanir eru hérlendis. Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða byggja hins vegar á lágmarks áhættudreifingarsjónarmiðum og telur Fjármálaeftirlitið að þau sjónarmið eigi jafnframt við um innlán eins og aðrar fjárfestingar. Fjármálaeftirlitið telur að þau takmörk sem frumvarpið

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

gerir ráð fyrir séu eðlileg. Fjármálaeftirlitið bendir jafnframt á að í umsögnum sem bárust vegna umræðuskjalsins töldu ýmsir umsagnaraðilar að ef gera ætti breytingar á gildandi framkvæmd væru t.d. 25% viðmiðunarmörk hæfileg.

Fjármálaeftirlitið vill ennfremur vekja athygli á því að í ljósi þess að innlán lífeyrissjóða, t.d. í viðbótarlífeyrissparnaði, eru í tilteknum tilvikum nú þegar falinn sama aðila þyrfti að gera ráð fyrir bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu þar sem starfandi aðilum yrði veittur hæfilegur aðlögunarfrestur.

iv. Önnur atriði.

Í ljósi þess að með frumvarpinu eru lagðar til tilteknar breytingar á 36. gr. laga nr. 129/1997 vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að skiptar skoðanir hafa verið uppi um gildi skráningar verðbréfasjóða (og fjárfestingarsjóða verði frumvarpið að lögum) að því er varðar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Í 7. tl. 1. mgr. 36. gr. segir að lífeyrissjóði sé heimilt að ávaxta fé sitt í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteinunum skuli skipt á aðra töluliði málgreinarinnar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr. Í 2. mgr. 36. gr. kemur fram að verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Í VII. kafla laga nr. 129/1997 eru fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða skilgreindar. Eins og ráða má af ákvæðum kaflans ganga ákvæði hans út á að takmarka þá áhættu sem lífeyrissjóðir geta tekið í fjárfestingum sínum. M.a. er gengið út frá þeirri meginreglu að verðbréf lífeyrissjóða skv. 1., 2. og 5.–8. tl. 1. mgr. 36. gr. hafi skráð kaup- og sölugengi á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. Í 7. tl. 1. mgr. 36. gr. kemur hins vegar fram að verðbréfasafni að baki hlutdeildarskírteinum skuli skipt á aðra töluliði málgreinarinnar með tilliti til takmarkana 2.–6. mgr. 36. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur talið að í framangreindum orðum felist m.a., varðandi fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, að undirliggjandi eignir verðbréfasjóða skulu vera skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði og því teljist skilyrði 2. mgr. 36. gr. uppfyllt, sbr. 7. tl. 1. mgr. sömu greinar, óháð því hvort hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs séu skráð eða ekki. Gagnstæð túlkun hefur hins vegar verið uppi á þann veg að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða skuli vera skráð á skipulegum markaði svo þau falli innan fjárfestingarheimilda lífeyrissjóða.

Fjármálaeftirlitið fær m.a. ekki séð að af lögnum leiði að um verðbréfasjóði gildi tvöfalt skráningarkerfi, þ.e. að bæði sjóðurinn og undirliggjandi eignir hans skuli vera skráð á markaði og þá verður þörfin fyrir því ekki séð. Auk þess hafa hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða almennt ekki skráð kaup og sölugengi hérlendis þrátt fyrir skráningu í kauphöll, þó það sé ekki útilokað, og Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um að viðskipti með hlutdeildarskírteini hafi farið fram í kauphöll hérlendis þó það sé ennfremur ekki útilokað.


Hér skal jafnframt tekið fram að löggjöf um verðbréfasjóði gerir ekki, né hefur gert, ráð fyrir því að hlutdeildarskírteini skuli vera skráð á markaði og má benda á að við setningu laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, var fallið frá slíkum hugmyndum í þinglegri meðferð með þeim rökum að heppilegra væri að skráning hlutdeildarskírteina aukist samkvæmt þróun en ekki lögboði.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að ákvæði um þetta séu skýr. ljósi þess að gagnstæð túlkun hefur komið fram á framangreindum ákvæðum, fyrst og fremst af hálfu Kauphallar Íslands hf., óskar Fjármálaeftirlitið eftir því að nefndin taki til skoðunar hvort breytinga sé þörf.

Virðingarfyllst,


FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Þórarinn Þorgeirsson



Alþingi
Nefndarsvið – Efnahags- og viðskiptanefnd.
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um brtt. á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.fl., 480. mál.


Kauphöll Íslands óskar hér með eftir því að koma á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd athugasemdum við bréf Fjármálaeftirlitsins til nefndarinnar, dags. 26. febrúar sl., nánar tiltekið við lokakafla umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 127/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál. Jafnframt er óskað eftir því að fá áheyrn nefndarinnar þegar grein verður gerð fyrir athugasemdum við frumvarpið.

Kauphöllin gerir ekki athugasemdir við efni lagafrumvarpsins. Ekki var óskað eftir athugasemdum Kauphallarinnar í umsagnarferlinu og nokkrir dagar eru síðan Fjármálaeftirlitið gerði Kauphöllinni grein fyrir því að umsögn þess innihéldi aðra túlkun á 36. gr. laganna en almennt hefur verið viðurkennd á verðbréfamarkaðinum hingað til. Kauphöllin gerir sér fulla grein fyrir því að efnahags- og viðskiptanefnd er ekki úrskurðarvald um túlkun lagaákvæða. Kauphöllin fór þess á leit við Fjármálaeftirlitið í lok síðasta árs að það drægi túlkun sína til baka en Fjármálaeftirlitið kaus að leggja málið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd með umsögn sinni. Í ljósi málavaxta telur Kauphöllin sér þá leið eina færa til að gæta hagsmuna verðbréfamarkaðar og lífeyrissjóðsþega að fá aðkomu að umsagnarferlinu og koma athugasemdum sínum fyrir nefndina.

Það er rétt sem fram kemur í kafla iv. í bréfi Fjármálaeftirlitsins að túlkun gagnstæð túlkun Fjármálaeftirlitsins hefur verið uppi á 36. gr. laga um nr. 127/1997. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að verðbréf skv. 1., 2., og 5.-8. tölul. 1. mgr. skuli hafa skráð sölugengi á markaði. Í 7. tölulið 1. mgr. er kveðið á um takmarkanir á verðbréfasafni í verðbréfasjóði með vísan í aðrar málsgreinar ákvæðisins. Augljóst má vera að mati Kauphallarinnar að vilji löggjafans hefur verið að hlutdeildarskírteini væru skráð í Kauphöll. Verður því að telja að túlkun Fjármálaeftirlitsins á 1. og 2. mgr. 36. gr. l. 127/1997 gagnstæða vilja löggjafans samkvæmt orðanna hljóðan og í raun verið að setja nýja reglu sem gengur þvert á vilja löggjafans. Kauphöllin hefur einnig leitað álits sérfræðinga, sbr. meðfylgjandi lögfræðiálit.

Varðandi þá röksemd Fjármálaeftirlitsins að verðbréfasjóðir hafi almennt ekki skráð kaup og sölugengi hérlendis í kauphöll eru sögulegar skýringar fyrir því að virk viðskipti eiga sér ekki stað í viðskiptakerfi Kauphallarinnar með hlutdeildarskírteini. Því er hins vegar ekkert til fyrirstöðu og Kauphöllin hafði á fyrri hluta síðasta árs tekið til skoðunar að ganga á eftir kröfu í reglum hennar um að verðbréfasjóðirnir tilkynni um kaupgengi sjóðs á degi hverjum. Í ljósi óvissu um áhrif breytinga með lögum um verðbréfasjóði nr. 30/2003 sem tóku gildi um mitt ár var ákveðið að fresta því að fylgja því eftir þar til á haustmánuðum. Sams konar framkvæmd er á nágrannamörkuðum.


Fyrirsjáanlegt er að ef hin nýja túlkun væri látin gilda þá myndi slíkt leiða til afskráningar verðbréfasjóða af markaði. Það gæti skaðað verðbréfamarkað án þess að sjáanlegir séu hagsmunir launþega eða lífeyrissþega af því. Þar sem lítil umfjöllun fylgdi með greinargerð frumvarps til laga nr. 127/1997, sem breytti ákvæði 36. gr. í núverandi mynd, er óljóst af



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

hverju nákvæmlega ákvæðið er í þeirri mynd sem það er. Vel kann að vera að þar hafi hagsmunir verðbréfamarkaðar jafnt sem hagsmunir sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum skipt mestu þar um. Vilji löggjafans liggur hins vegar fyrir í orðalagi 36. gr. og verður ekki vikið frá honum. Kauphöllin mælist því til að ekki verði gerðar breytingar á 36. gr. að þessu leyti að svo stöddu og að Fjármálaeftirlitið dragi túlkun sína til baka.

Virðingarfyllt,


Þórður Friðjónsson,
forstjóri.

Meðfylgjandi: Greinargerð Vífils Harðarsonar, hdl.



LEX EHF
LÖGMANNSSTOFA
SUNDAGÖRDUM 2
104 REYKJAVÍK
SÍMÍ 590 2600
BRÉFASÍMÍ 590 2606
lex@lex.is · www.lex.is

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og skráning hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða

Þann 6. nóvember sl. fór Kauphöll Íslands hf. (Kauphöllin) þess á leit við undirritaðann að hann léti í ljós álit á túlkun 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en greinin varðar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Einnig var farið fram á það að undirritaður tæki saman og gerði grein fyrir rökum með og á móti því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða séu skráð í kauphöll.

Um túlkun á 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 er fjallað um það með hvaða hætti lífeyrissjóðir megi fjárfesta. Greinin er svohljóðandi:

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild í deildaskiptum sjóði. Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánnum í bönkum og sparissjóðum.
5. Í skuldabréfum og vixlum banka, sparissjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti [opinbers eftirlitsaðila].¹⁾
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteininum skal skipt á aðra tölulíði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
8. Í öðrum verðbréfum.

[9.]¹⁾ Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

☐ Verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) [og Liechtenstein]²⁾ sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem [Fjármálaeftirlitið]³⁾ metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD [eða Liechtenstein]²⁾ skal [Fjármálaeftirlitið]³⁾ hafa viðurkennt hann.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5., 6. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum

markaði, enda séu verðbréfin gefin út af aðilum innan aðildarríkja OECD [eða Liechtenstein].²⁾ Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum eru þó eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir.]¹⁾

[Eign lífeyrissjóðs í einstökum tegundum verðbréfa skv. 2., 5., 6., og 8. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins.]¹⁾

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. [2.–8. tölul.]¹⁾ 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutfé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa.

Lífeyrissjóður skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við [50%]¹⁾ af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.–6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

[Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er þeim lífeyrissjóðum sem keyptu óskráð bréf tengd húsnæðislánunum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1972 til 1994 heimilt að flokka þau sem skráð bréf skv. 1. tölul. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾L. 56/2000, 7. gr. ²⁾L. 65/2002, 5. gr. ³⁾L. 84/1998, 7. gr.

Nánar tiltekið lýtur beiðni Kauphallarinnar að því hvort túlka skuli ákvæði 2. mgr. 36. gr. þannig að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, skv. 7. tölul. 1. mgr., skuli hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði eða hvort nægilegt sé að verðbréfasafn viðkomandi verðbréfasjóðs sé skráð.

Fyrir liggur að Fjármálaeftirlitið (FME) hefur túlkað ofangreint ákvæði þannig að nægilegt sé að verðbréfasafn að baki hlutdeildarskírteinum sé skráð til þess að ákvæði 2. mgr. 36. gr. sé uppfyllt.

Í 7. tölul. 1. mgr. segir að verðbréfasafni að baki hlutdeildarskírteinum skuli skipt á aðra töluliði 1. mgr. með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr. 36. gr. Því mætti halda fram að þetta ákvæði hefði, að því er varðar takmarkanir í 2. mgr., ekki mikla þýðingu ef hlutdeildarskírteinin sjálf þurfa að vera skráð.

Til hins ber þó að líta að fyrirmæli 2. mgr. þess efnis að verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. skuli hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði eru mjög skýr. Það að vísað er til 7. tölul. í 2. mgr. getur tæplega þýtt annað en að hlutdeildarskírteinin sjálf skuli vera skráð.

Það er álit undirritaðs að fyrirmæli 7. tölul. 1. mgr. 36. gr., verði að skoðast sem almennt ákvæði gagnvart ákvæðum í þar tilvitnuðum málsgreinum sem skýrlega mæla fyrir um annað. Af þeim sökum verður að telja að fyrirmæli 7. tölul. 1. mgr., þess efnis að verðbréfasafni að baki hlutdeildarskírteinum skuli skipt á aðra töluliði 1. mgr. með tilliti til takmarkana í 2. – 6. mgr., víki fyrir skýru ákvæði 2. mgr. þess efnis að verðbréf skv. 7. tölul. skuli hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Þessi túlkun fær stuðning í því að í 3. og 4. mgr. 36. gr. eru verðbréf skv. 7. tölulið, hlutdeildarskírteini, ekki sérstaklega tilgreind. Að því er þær málsgreinar varðar myndi reglan sem fram kemur í 7. tölul. 1. mgr. gilda.

Við túlkun á 36. gr. verður einnig að taka mið af því með hvaða hætti ákvæði greinarinnar um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða eru fram settar og hver tilgangur þeirra er. Ákvæðin eru sett til þess að standa vörð um þá fjármuni sem félagar í

lífeyrissjóðinum hafa falið honum til ávöxtunar, oft á tíðum án þess að hafa um það val í hvaða lífeyrissjóð er greitt. Í 36. gr. eru sérstaklega taldar upp þær eignir sem lífeyrissjóðir mega fjárfesta í til þess að ávaxta fé sitt. Löggjafinn hefur samkvæmt þessu ákveðið að lífeyrissjóðum sé óheimilt að fjárfesta í öðrum eignum en þeim sem sjóðunum er sérstaklega heimilað að fjárfesta í samkvæmt lögum. Heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga er því eðlilegt að skýra með fremur varfærnum hætti. Það leiðir til þess að sé vafi fyrir hendi um það hvort tilteknar fjárfestingar séu heimilar er eðlilegt að telja að þær séu það ekki.

Rök fyrir því að lífeyrissjóðum ætti að vera heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem ekki eru skráð í kauphöll.

Þrátt fyrir það sem að ofan greinir kunna að liggja til þess rök að lífeyrissjóðum ætti að vera heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða án þess að gerð sé krafa um að þau séu skráð í kauphöll.

Þegar um er að ræða verðbréfasjóði sem aðeins fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru í kauphöll má segja að e.t.v. sé ekki mikil áhætta því samfara að lífeyrissjóðum sé heimilað að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum þeirra, enda ætti í þeim tilvikum að vera greiður aðgangur að upplýsingum um útgefendur bréfanna og verðmyndun þeirra.

Nefna má að með löggjöf um verðbréfasjóði er leitast við að tryggja hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina. Þetta er t.a.m. gert með því að mæla fyrir um skyldu verðbréfasjóðs til þess að innleysa hlutdeildarskírteini að beiðni eigenda þeirra, á innlausnarverði sem reikna skal daglega. Einnig er reynt að tryggja hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina með því að skorður eru settar við því í hvaða eignum verðbréfasjóðir mega fjárfesta.

Þetta gildir í það minnsta um verðbréfasjóði sem starfa skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði eða uppfylla skilyrði skv. tilskipun 85/611/EBE (UCITS-tilskipunin).

Rök fyrir því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða séu skráð í kauphöll.

Sem rök fyrir því að krefjast þess að hlutdeildarskírteinin sjálf þurfi að vera skráð, en ekki aðeins verðbréfaeignin að baki þeim, má nefna að það gerir eftirlit með fjárfestingum lífeyrissjóða mun auðveldara. Þá þarf ekki að fylgjast með því að hve miklu leyti verðbréf sem viðkomandi verðbréfasjóður á séu skráð en eign verðbréfasjóðs í óskráðum bréfum getur verið nokkuð breytileg innan þeirrar fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur markað sér eða honum er mörkuð í lögum. Þetta á sérstaklega við um erlenda verðbréfasjóði.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í lögum 129/1997 er ekki að finna neina skilgreiningu á hugtakinu verðbréfasjóður skv. lögnum. Til að mynda er ekki gerð krafa um að þeir falli undir tilskipun 85/611/EBE (UCITS-tilskipunin), enda ekki gerð krafa um að sjóðirnir séu starfræktir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hætt er við því að það geti í einhverjum tilvikum valdið vandkvæðum við túlkun á 36. gr. laga nr. 129/1997 þegar um erlenda sjóði er að ræða hvaða sjóðir teljast „verðbréfasjóðir“ skv.

greininni. Þá má einnig geta þess að skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nær hugtakið „verðbréfasjóður“ aðeins til sjóða sem hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og uppfylla skilyrði UCITS-tilskipunarinnar. Fjárfestingar lífeyrissjóða í hlutdeildarskírteinum sjóða sem teljast „fjárfestingarsjóðir“ skv. lögum 30/2003 myndu væntanlega falla undir 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga 129/1997 um fjárfestingar í „öðrum verðbréfum“.

Mikilvægur þáttur í eftirliti með fjárfestingum lífeyrissjóða er fölginn í eftirliti sjóðsfélaga. Telja verður að í það minnsta sjóðsfélagar ættu auðveldara um vik með að fylgjast með því hvort viðkomandi sjóður færi að lögum um fjárfestingar ef gerð yrði krafa um að hlutdeildarskírteinin sjálf væru skráð.

Verði talið að slík krafa leggjði of miklar takmarkanir á heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í óskráðum bréfum væri e.t.v. nærtækara að hækka mörk skv. 3. mgr. 36. gr. laganna til fjárfestinga í óskráðum bréfum en hámark slíkrar fjárfestingar er nú 10% og hefur undanfarin misseri verið nokkur umræða um það að margir lífeyrissjóðir hafi farið nokkuð yfir þessi mörk.


Einnig má nefna að það getur verið til hagsbóta fyrir eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum að verð myndist á markaði með hlutdeildarskírteinin. Einnig getur það verið til þess fallið að auka áhuga fjárfesta, e.t.v. einkum erlendra, á því að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum ef þau eru skráð á markaði þar sem tryggður er aðgangur að upplýsingum um sjóðina og viðskipti með hlutdeildarskírteinin. Nefna má að t.d. í Kauphöllinni í Luxemborg eru töluverð viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.

Það aukna gegnsæi sem leiðir af því að hlutdeildarskírteini hafi skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði hlýtur því ætíð að vera fallið til þess að vernda hagsmunum eigenda þeirra og þar með sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum sem þar eru á meðal.

Niðurstaða.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða undirritaðs að samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, þurfi hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða að hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði til þess að lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta í þeim. Telja verður að ekki sé í þessu sambandi nægilegt að verðbréfasafn að baki hlutdeildarskírteinum sé skráð. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að skv. 3. mgr. 36. gr. laganna er lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta í óskráðum verðbréfum að svo miklu leyti að sú eign fari ekki yfir 10% af hreinni eign sjóðsins.

Reykjavík, 9. desember 2003.



Vífill Harðarson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 130/1130
komudagur 25. 2. 2004



SÆTÚN 1 - 105 REYKJAVÍK - Sími: 563-6450 - FAX: 563-6401 NETFANG ll@ll.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2004

Efni:

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um 480. mál um breytingu á lögum nr. 129/1997, EES- reglur, fjárfestingar o.fl.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál, EES-reglur, fjárfestingar o.fl.

Breytingar sem um ræðir eru tvíþættar. Í fyrsta lagi eru gerðar tillögur um breytingar á 8. gr., 9. gr. og 19. gr. laganna sem varða innleiðingu tilskipunar nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja, einnig um breytingar sem varða starfsstöð hér á landi vegna vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 36. gr. laganna sem varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða gera ekki efnislegar athugasemdir við umræddar tillögur, sem varða breytingar á 8. gr., 9. gr. og 19. gr. laganna. Hins vegar telja Landssamtök lífeyrissjóða ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við breytingar sem lagðar eru til á 36. gr. laganna um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Verður nú vikið nánar að athugasemdum Landssamtaka lífeyrissjóða.

1. Í ákvæði 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 er gert ráð fyrir nýrri grein, 19. gr. a, við lögin, sem fjallar um réttindi launþega, sem koma hingað til lands til starfa frá höfuðstöðvum, sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Í þessu ákvæði er aðeins verið að fjalla um réttindi til viðbótarlífeyris. Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning um með hverjum hætti ákvæðið nái til lífeyrissjóðanna, telja samtökin rétt að bætt verði inn í 1. málslíð 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðunum ***“vegna viðbótarlífeyrisréttinda”***. Málsliðurinn orðaðist þá þannig: ***“Launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skal heimilt að greiða til lífeyriskerfis vegna viðbótarlífeyrisréttinda með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE.”***
2. Samkvæmt frumvarpinu er m.a. lagt til að gerð verði sú breyting á 7. tölulið 1. mgr. 36. gr. að vísað er í lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Landssamtök lífeyrissjóða telja að ef einvörðungu er vísað í umrædd lög, væri verið að þrengja núverandi heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í verðbréfasjóðum, þar sem skilgreining á verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði í lögum nr. 30/2003 takmarkast við verðbréfasjóði á Evrópska efnahagssvæðinu og myndi þar með útiloka að hægt yrði að fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum annars staðar, t.d. í Bandaríkjunum eins og nú er algengt. Slíkt þrenging og takmörkun er óeðlileg. Til að koma í veg fyrir slíka þrengingu, sem væntanlega er byggð á misskilningi, þarf að bæta við nýjum tölulið, sem heimilar lífeyrissjóðum, eins og verið hefur, að fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Landssamtök lífeyrissjóða gera ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til í 2. og 3. málslíð 5. mgr. 36. gr. laganna.
4. Landssamtök lífeyrissjóða gera athugasemd við seinni málslíð d-liðar 4. gr. frumvarpsins, sem er á þessa leið: *“Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánnum sama banka eða sparisjóða”* Eðlilegra er að málslíðurinn hljóði svo: *“Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign sinni í innlánnum sama banka eða sparisjóða”*. Lífeyrissjóðir liggja yfirleitt ekki með stóran hluta af eignum sínum í innlánnum bönkum. Efnisatriði b-liðar 4. gr. frumvarpsins, sem ekki er gerð athugasemd við, ætti einnig að koma í veg fyrir slíkt. Flestir af stærstu lífeyrissjóðunum eru með í fjárfestingarstefnu sinni að innlán séu allt að 3% í þessum eignaflokki. Ef skoðaðir eru efnahagsyfirlit lífeyrissjóða nokkur misseri aftur í tímann, sést að hlutfall lausafjár hjá sjóðunum er lágt. Sú tillaga í frumvarpinu að skilyrða lífeyrissjóðina til að dreifa lausafjárreikningum sínum á a.m.k. fjóra bankastofnanir er óþörf miðað við að inneignir lífeyrissjóðanna í bankakerfinu voru aðeins 2,3% af heildareignum sjóðanna um síðustu áramót.
5. Í e-lið 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ný málsgrein bætist við 36. gr. laganna sem verði 9. mgr. Greinin hljóðar þannig í frumvarpinu: *“Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. er lífeyrissjóðum ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu, sbr. ákvæði 38. gr.”*
Nauðsynlegt er að um orða þessa þessa grein, þannig að ljóst sé að lífeyrissjóðum sé heimilt eins og verið hefur að fjárfesta í svokölluðum “hedge-sjóðum” Ávöxtun slíkra sjóða sveiflast ekki eins og aðrir eignaflokkar lífeyrissjóðanna. Því getur slík fjárfesting minnkað sveiflur,

jafnað ávöxtun og dregið úr áhættu lífeyrissjóðanna. Ef skoðað er eignasafn lífeyrissjóðanna í dag eru eignir þeirra aðallega bundnar í íslenskum skulda- og hlutabréfum og erlendum hlutabréfum. Draga má úr sveiflum í ávöxtun og minnka áhættu íslensku lífeyrissjóðanna, án þess að skerða ávöxtun, með því að bæta við eignaflokki eins og “hedge-sjóðum”. Dæmin sýna að eign lífeyrissjóðanna í slíkum sjóðum auka ekki áhættuna, heldur draga úr henni. Lífeyrissjóðir í Bandaríkjunum og í Evrópu hafa að sjálfsögðu heimildir til að fjárfesta í því sem kallað er “alternative investment”, þar á meðal í “hedge-sjóðum”.

6. Landssamtök lífeyrissjóða vilja að endingu benda á, að um viðbótarlífeyrissparnað sem ávaxtaður er í lífeyrissjóðunum gilda þrengri fjárfestingaheimildir, heldur en um ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar af hálfu banka og verðbréfafyrirtækja. Slík mismunun í samkeppnisumhverfi er óeðlileg að mati samtakanna.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



DAGSETNING

TILVISUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. febrúar 2004 2004020280



Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 130. lögjafarþing, þskj. 746- 480. mál.

Með bréfi dags. 11. feb. sl. er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um framangreint mál. Breytingar skv. frumvarpinu varða annars vegar II. kafla laganna um lífeyrissparnað og hins vegar VII. kafla laganna um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Í þeirri breytingu sem lögð er til á 8. gr. laganna felst að erlendum fjármálastofnunum verður heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla laganna, þ.e að taka á móti og ávaxta viðbótarsparnað.

Hvað skattframkvæmd varðar getur þetta haft nokkur áhrif. Iðgjöld launþega til viðbótarsparnaðar eru frádráttarbær frá tekjuskattsstofni innan tilgreindra marka. Til staðfestingar á frádráttarréttinum þurfa að liggja fyrir upplýsingar um að iðgjaldagreiðslan hafi farið fram og að hún gangi til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Ganga verður út frá því að hinir erlendu aðilar falli undir 10. gr. laganna og þurfi staðfestingu fjármálaráðuneytisins á þeim reglum sem þeir starfa eftir og því muni á hverjum tíma liggja fyrir tæmandi listi yfir þá aðila sem tekið geta á móti frádráttarbærum iðgjöldum. Hvað varðar upplýsingar um að greiðslur hafi farið fram virðist breyting þessi geta skapað vandkvæði. Á innlendum aðilum, þ.m.t. starfsstöðvum erlendra félaga, hvíla samkvæmt skattalögunum skyldur um upplýsingagjöf til skattfyrvalda. Samkvæmt lögum nr. 129/1997 hvíla auk þess á lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. þeirra laga sérstakar skyldur til þess að gera ríkisskattstjóra grein fyrir iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda. Ljóst er að þessi ákvæði leggja ekki sömu kvaðir á erlenda aðila, sem ekki hafa starfsstöðvar hér á landi. Kann það að valda auknu umstangi við skattframkvæmd og skattborgurum aukinni fyrirh öfn við að sanna frádráttarrétt sinn ef á það reynir.

Þótt ekki sé um það fjallað í frumvarpinu leyfir ríkisskattstjóri sér ennfremur að vekja athygli á eftirfarandi. Í 6. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er fjallað um eftirlit ríkisskattstjóra. Lítið er í þeirri grein fjallað um innheimtu á þeim vangoldnum iðgjöldum, sem eftirlitið kann að leiða í ljós. Í 28. og 29. gr. reglugerðar nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er hins vegar kveðið skýrt á um hlutverk lífeyrissjóða í innheimtu vangoldinna iðgjalda sem og um fyrirkomulag innheimtunnar. Ríkisskattstjóri telur að til bóta væri að kveða í sjálfum lögunum á um skyldu og ábyrgð lífeyrissjóðanna á innheimtu iðgjaldanna.

Virðingarfyllst


Asgeir H Guðmundsson
Indriði H Þorláksson



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/33

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/1019

komudagur 20.2.2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

18. febrúar 2004


Efni: Frumvarp til breytinga á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 11. febrúar sl., var leitað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Eftirfarandi skal tilfært af því tilefni:


Viðurkenna verður, að yfirgnæfandi líkur voru á því, að efni 8. gr. laga nr. 129/1997 gengi í berhögg við efni EES-samningsins, er þau lög voru sett. Þar er svo fyrir mælt, að eingöngu aðilum með starfsstöð á Íslandi skuli heimilt að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingarvernd. Þannig var m.a. aðilum með staðfestu og starfsleyfi í öðru EES-ríki óheimilt að veita þjónustu af þessu tagi. Í 1. gr. frumvarpsins er þessu breytt, m.a. vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA. Þá er með frumvarpinu ætlunin að innleiða tilskipun nr. 98/49/EB um verndun viðbótarlífeyrisréttinda þeirra, sem flytjast milli aðildarríkja. Loks eru gerðar tillögur um breytingar á ákvæðum laganna varðandi fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Í frumvarpinu felast tillögur um breytingar og aðlögun á lögum nr. 129/1997, sem sýnast í senn nauðsynlegar og eðlilegar. Af hálfu Sambands íslenskra tryggingafélaga eru því ekki gerðar beinar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/1151
komudagur 26.2.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

AE/jg

Rvk. 25.02.2004

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, 480. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál, EES-reglur, fjárfestingar o.fl.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar. Annars vegar eru gerðar tillögur um breytingar á 8. gr., 9. gr. og 19. gr. laganna, sem varða innleiðingu tilskipunar nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja, og einnig um breytingar sem varða starfsstöð hér á landi vegna vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar. Hins vegar eru lagðar til breytingar á 36. gr. laganna sem varðar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Samtök atvinnulífsins vísa í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða og taka undir athugasemdir þeirra varðandi þær breytingatillögur sem lagðar eru til í frumvarpinu. En þar eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við breytingatillögur sem varða greinar 8., 9. og 19, en nokkrar athugasemdir eru hins vegar gerðar við þær breytingar sem lagðar eru til á 36. grein laganna um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðanna.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri



Reykjavík, 1. mars 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda (480. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 11. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV gera ekki athugasemdir við 1.-3. gr. frumvarpsins en hafa áhyggjur af breytingarákvæðum 4. gr., sem snúa að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Hér skal nánar gerð grein fyrir þeim athugasemdum SBV:

1. Túlkun á hugtakinu verðbréfasjóður í frumvarpinu

Það er fullyrt í greinargerð frumvarpsins (neðarlega bls. 4) að löggjafinn hafi ákveðið að hugtakið verðbréfasjóður skyldi ekki ná yfir nýja tegund sjóða með rýmri fjárfestingarheimildir, og að það hafi í för með sér að lífeyrissjóðum sé ekki heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tl. 36. gr. Þetta er afar umdeilanleg túlkun á lífeyrissjóðalögunum á grundvelli breyttrar hugtakanotkunar í nýjum lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fram til þessa hefur m.a. Fjármálaeftirlitið skilgreint sjóði sem falla undir 7. tl. 36. gr. laganna sem opna (open-end) sjóði, sbr. lög um verðbréfasjóði nr. 10/1993 og sambærilega erlenda sjóði.

2. Ákvæði 4. gr. - Takmarkanir hjá fjárfestingarsjóðum umfram verðbréfasjóði

- Í d-lið 4. gr. er lífeyrissjóði gert óheimilt að eiga meira en 15% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum fjárfestingarsjóðs, meðan reglan fyrir verðbréfasjóði er 25% eins og verið hefur. Umfram takmörkun er rökstudd fyrst og fremst með því að:

1. Fjárfestingarsjóðir lúti ekki skilyrðislausri innlausnarskyldu eins og verðbréfasjóðir.

Í því sambandi skal bent á að:

>aðrir fjármálagerningar sem lífeyrissjóðir fjárfesta í eru ekki innlausnarskyldir;

>innlausnarskylda kemur ekki í veg fyrir framsal slíkra hlutdeildarskírteina;

>ef innlausnarskyldan á að ráða úrslitum varðandi takmörkun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða er rétt að einskorða takmörkunina við þá sjóði sem ekki lúta innlausnarskyldu, frekar en að takmarka fjárfestingar í öllum slíkum sjóðum sem hugsanlega lúta innlausnarskyldu til jafns við verðbréfasjóði. Hægt væri að miða 15% hámarkið við sjóði sem ekki lúta innlausnarskyldu með reglulegu millibili.

2. Að um áhættusamari sjóði sé að ræða.

Þessi rök eiga í raun ekki við um fjárfestingar lífeyrissjóða því að:


>þeir komast ekki hjá þeim takmörkunum sem almennt gilda skv. 36. gr. laga nr. 129/1997, þar sem 7. tl. 36. gr. laganna áskilur að verðbréfasafni að baki hlutdeildarskírteinum skuli skipt á aðrar fjárfestingarheimildir;

> í e-lið 4. gr. er fjárfestingarheimildin takmörkuð enn frekar með því að banna lífeyrissjóðum að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem nýta sér heimildir fjárfestingarsjóða til lántöku eða skortsölu. Sú takmörkun ein og sér er fullnægjandi til að mæta áhættusjónarmiðinu og rúmlega það og því engin efnisleg rök fyrir viðbótartakmörkun úr 25% niður í 15%.

3. Ákvæði 4. gr. - Takmarkanir á innlámsmöguleikum

- Í lokamálslið d-liðar 4. gr. er mælt fyrir um að lífeyrissjóði verði óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánum sama banka eða sparissjóðs. Hér er um verulega þrengingu að ræða frá þeirri framkvæmd sem gildir í dag og Fjármálaeftirlitið hefur heimilað. Á grundvelli núverandi framkvæmdar hafa einstakir lífeyrissjóðir boðið upp á leið sem felur í sér ávöxtun á innlámsreikningi. Í þessu skyni hafa þeir lífeyrissjóðir náð samningum við tiltekin fjármálafyrirtæki um innlán á sérstökum kjörum þannig að innlán í þeim tilvikum eru 100% hjá sömu innlámsstofnuninni. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að varhugavert verði að teljast með tilliti til áhættudreifingar að lífeyrissjóðum sé heimilt að fela innlán sjóðs eingöngu einni lánastofnun eða sparissjóði og því til stuðnings er bent á að sambærilegar takmarkanir gildi um verðbréfasjóði samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. SBV eru ekki sammála þessu mati. Almenn er almenningur með öll sín viðskipti, þar með talin innlán, hjá sínum viðskiptabanka eða sparissjóði auk þess sem almenningur getur samið við eina innlámsstofnun um vörslu og ávöxtun á öllum lífeyrissparnaði viðkomandi á innlámsreikningi. Afar óeðlilegt er að fara að neyða lífeyrissjóði til að dreifa innlánunum sínum með þeim hætti sem frumvarpið ráðgerir milli samkeppnisaðila á markaðnum. Í ljósi hárra eiginfjárfkrafa og virks fjármálaeftirlits verður ekki séð að áhætta af innlámsdeildum geti verið slík að um raunverulega tapsáhættu sé að ræða. Þessu til viðbótar má nefna að ætla verður að slík innlán sem hér um ræðir njóti tryggingar Tryggingasjóðs innstæðueiganda og fjárfesta. Í reglugerð nr.120/2000, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem sett er á grundvelli 18. gr. laga nr. 98/1999, kemur fram í 10. gr. að eigi innstæðueigandi ekki ótvíræðan rétt til innstæðna, skuli sá sem á ótvíræðan rétt njóta greiðslu úr sjóðnum og ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt, skuli hlutur hvers og eins tekinn til greina við útreikning á greiðslu. Með hliðsjón af þessu og því að um séreign er að ræða hjá réttihöfum/sjóðfélögum, verður að ætla að framangreint ákvæði taki til þeirra aðila sem kjósa að ávaxta lífeyrissparnað sinn með innlánunum.
- Að lokum er rétt að ítreka að tilteknir lífeyrissjóðir eru þegar að nýta núgildandi heimild laganna til þess að vera með innlán sín 100% hjá einum aðila og hefur sú leið verið farin að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið. Benda má á að ekkert er tekið á því í frumvarpinu hvornig fara skuli með þau innlán sem þegar hefur verið stofnað til og hvað verði um þá sjóðfélaga sem hafa valið þá leið að ávaxta lífeyrissparnað sinn með þessum hætti ef slík þrenging sem frumvarpið felur í sér verður lögfest.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Reykjavík, 12. mars 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Viðbótarumsögn um frv. til l. um brt. á l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda (480. mál)

SBV hafa þegar sent inn umsögn um framangreint mál, dags. 1. mars, en óska eftir að koma á framfæri viðbótarathugasemd sem snýr að öðrum þætti, þ.e. sjóðfélagalánum lífeyrissjóða. SBV sendu fjármálaráðherra bréf 12. desember 2003 þar sem vakin var athygli á skertri samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja í ljósi ójafnrar samkeppni bæði frá ríkinu og einnig lífeyrissjóðum (sjá meðfylgjandi).

Málefni Íbúðalánasjóðs eru nú til umfjöllunar hjá ríkisstjórn og löggjafa, auk þess að vera til skoðunar hjá ESA. Þegar hefur verið lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um húsnæðislán sem miðar að því að færa hér lent húsnæðislánakerfi í átt til nútímalegra fjármálauhverfis og auðvelda þannig að stiga frekari skref á komandi árum. Eðlilegri samkeppni verður þó ekki komið á fyrr en ríkið hverfur af markaði almennra húsnæðislána, eins og alls staðar í nágrannalöndum Íslands.

Hins vegar er brýnt að nú þegar löggjafinn hefur til umfjöllunar lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé samhlíða farið vandlega yfir fyrirkomulag lánveitinga lífeyrissjóða til sjóðfélaga. Eins og fram kemur í fyrrnefndu bréfi lúta lífeyrissjóðir ekki sömu ströngu skilyrðum og sparissjóðir um lánastarfsemi, s.s. hvað lánareglur, eiginfjárkröfur og áhættumatskerfi varðar. Þá eru lífeyrissjóðir undanþegnir tekjuskattsskyldu. Þannig er ljóst að lífeyrissjóðir hafa bæði aðgang að ódýrara fjármagni, sem skeykir samkeppnisstöðu, auk þess sem til þeirra eru ekki gerðar jafn stífar kröfur um fagleg vinnubrögð í tengslum við lánveitingar og gildir um viðskiptabanka og sparissjóði.

Um sjóðfélagalán lífeyrissjóða gilda engar sérstakar reglur. Þannig geta sjóðirnir hagað þessum málum eftir eigin geðþótta og jafnframt lánað eins mikið og þeim sýnist. Fjárfestingarheimildir setja engin hámarksörk á slíkt, svo lengi sem hvert einstakt lán sé með veði í fasteign sem ekki fer yfir 65% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 35% af markaðsvirði atvinnuhúsnæðis, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Dæmi eru um að einstakir sjóðir hafi gengið mjög langt í veitingu "niðurgreiddra" lána á þessum forsendum.

SBV öfluðu sér á síðasta ári upplýsinga um hvernig þessum málum er fyrirkomið í nágrannalöndunum og kom í ljós að á hinum Norðurlöndunum tiðkast ekki að lífeyrissjóðir standi í lánveitingum til sjóðfélaga. Ástæður þess eru ýmist að þeim sé það beinlínis bannað eða að slíkum lánnum séu sett jafn ströng skilyrði og gerð eru til annarra lánastofnana, sem aftur veldur því að lífeyrissjóðirnir hafa ekki talið forsvaranlegt að fara í samkeppni á þeim markaði. Það hefur ekki háð þeim á nokkurn máta í fjárfestingum sínum og því engin rök, sem stundum hafa heyrst hérlendis, að þetta sé mikilvægur þáttur í fjárfestingarstefnunni. Flóra ávöxtunarleiða sem standa til boða á nútímafjármálamarkaði er slík að sjóðfélagalán hafa ekki lengur sjálfstætt gildi sem slík.

Auk þessa skal ítrekuð ábending úr fyrrgreindu bréfi um að það verði að teljast í hæsta máta óeðlilegt að lífeyrissjóðum séu ekki jafn stífar kröfur búnar um aðgreiningu starfssviða (kínaveggi) og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Nýleg brotamál sem upp hafa komið undirstrika enn frekar mikilvægi þess.

Virðingarfyllt,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Reykjavík, 12. desember 2003

Fjármálaráðherra,
Geir H. Haarde

Efni: Samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja - Lífeyrissjóðir

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) lýsa mikilli ánægju með þann skýra vilja sem komið hefur fram hjá íslenskum stjórnvöldum um mikilvægi þess að tryggja sem best samkeppnishæfni íslensks fjármálageira í alþjóðlegu tilliti. Nýsamþykkt þrenn heildarlög á þessu sviði, þ.e. lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfavíðskipti og nú síðast lög um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði sl. voru mikilvægt skref í þá átt. Enn standa þó eftir stór atriði eins og stimpilgjöld sem eru samkeppnishamlandi fyrir hérlendan fjármálamarkað og hafa m.a. átt einn stærstan þátt í því að yfirdráttarreikningar eru mun meira notaðir hérlendis en í nágrannalöndum okkar. Forystumenn ríkisstjórnarinnar lýstu því yfir á síðasta kjörtímabili samhlíða því sem kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja að stefnt væri að því að fella brott stimpilgjöld af víðskiptabréfum í framhaldinu. SBV kalla eftir aðgerðum í þeim efnum.

Það sem ræður úrslitum um samkeppnishæfni fjármálageirans á hverjum tíma er framsækin laga- og reglumgjörð og ekki síður að tryggt sé að markaðsaðilar eigi ekki í höggi við ósanngjarna samkeppni á einstökum sviðum fjármálamarkaðarins frá opinberum aðilum eða öðrum sem ekki lúta sömu kröfum til starfseminnar og starfsleyfissskyldir aðilar. Þegar horft er til lánamarkaðarins er ljóst að þar stendur íslenska ríkið ennþá í vegi fyrir að samkeppnishæfnin geti þróast eðlilega með því að vera sjálft í beinum lánarekstri sem nemur um 60% af útlánamarkaði einstaklinga (Íbúðalánasjóður og LÍN). Þar fyrir utan eru lífeyrissjóðirnir með mjög óvanalega stöðu á íslenskum lánamarkaði, gegnum sjóðfélagalán sín til einstaklinga. Hluttur þeirra hefur numið um 11% af einstaklingslánamarkaði. Þegar horft er til lánamarkaðar einstaklinga á hinum Norðurlöndunum kemur í ljós að þar koma lífeyrissjóðir hvergi nærri. Er þeim það ýmist óheimilt eða a.m.k. að slíkum lánum er sniðinn þröngur stakkur sem hefur valdið því að þeir treysta sér ekki í samkeppni við hinn frjálsa markað um lánveitingar.

Sjóðfélagalán lífeyrissjóða hafa tíðkast hér á landi lengi, en takmarkaður aðgangur að fjármagni í landinu fyrr á tíð hefur án vafa skapað þrýsting á lífeyrissjóðina að sinna þessu hlutverki. Lengi vel var þessi tegund lengri lána til einstaklinga lítt þekkt meðal almennra lánastofnana og átti sér þannig í raun aðeins hliðstæðu í húsnæðislánum húsnæðislánastofnunar, síðar Íbúðalánasjóðs.


Á síðasta áratug, þ.e. frá inngöngu Íslands í EES, hefur orðið alger umbylting á fjármálamarkaði Íslands, þ.á.m. lánamarkaði. Þannig keppast aðilar á frjálsum markaði um að bjóða sem mest úrval og besta þjónustu fjármálaafurða, ekki síst útlána. Útlán til einstaklinga á sambærilegum grunni og sjóðafélagalán lífeyrissjóða eru þannig einn hluti af því sem í boði er. Þar lúta hins vegar bankar og sparissjóðir mun strangari skilyrðum en lífeyrissjóðir, enda hluti af kjarnastarfsemi banka og sparissjóða að lána til einstaklinga. Um þá starfsemi gilda lög um fjármálafyrirtæki og reglur og tilmæli á grundvelli þeirra sem leggja á mjög stífar kröfur um eigið fé, áhættumatskerfi, setningu sérstakra lánareglna o.fl. Lífeyrissjóðirnir lúta ekki jafn stífum formskilyrðum hvað þetta varðar. Að auki eru þeir undanþegnir tekjuskattsskyldu og hafa þannig aðgang að ódýrara fjármagni en starfsleyfissskyld fjármálafyrirtæki á útlánamarkaði. Í þeim tilfellum þar sem lífeyrissjóðir lána á kjörum undir markaðsvöxtum, en kjör lífeyrissjóðslána eru ákvörðuð af stjórn, má segja að góð kjör séu boðin á kostnað ávöxtunar sjóðanna. Þetta minnkar eignir lífeyrissjóða sem þessum vaxtamun nemur og þar af leiðandi einnig tekjuskattstofn. Það er því hægt að segja að lág vaxtakjör á lífeyrissjóðslánum séu fyrirframgreiðsla lífeyris án þess að tekjuskattur sé tekinn af þeirri fyrirframgreiðslu. Niðurgreiðsla á vaxtakjörum kemur þannig að stórum hluta

fram sem skattalegt hagræði. Þetta skattalega hagræði geta önnur fjármálafyrirtæki ekki boðið upp á. Hjá lífeyrissjóðum með ábyrgð launagreiðanda eins og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS), er þó ekki um það að ræða að tekjuskattsstofn lækki þar sem réttindi sjóðfélaga fara ekki eftir ávöxtun á eignum sjóðsins. Góð kjör á lífeyrissjóðslánum hjá þessum sjóðum koma því fram sem aukin skuldbinding launagreiðanda, sem í flestum tilfellum eru ríki og sveitarfélög, í tilfelli B-deilda, en sem hærri meðaliðgjöld í tilfelli A-deilda. Önnur fjármálafyrirtæki geta að sjálfsögðu ekki keppt við þessi kjör þar sem ekki kemur til þess háttar niðurgreiðslu lánskjara úr ríkissjóði eða frá sveitarfélögum.

Eins og fyrr var greint frá hafa tekið gildi ný lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Ein meginbreytingin með þeim var að skylda slíka sjóði til að aðskilja rekstur og vörslu og ber þeim nú að halda utanum reksturinn í sérstöku rekstrarfélagi sem veitt er starfsleyfi af Fjármálaeftirliti. Stærstu sjóðir landsins um sameiginlega fjárfestingu eru lífeyrissjóðirnir. Ljóst má vera að það er óviðundandi að þeim séu gerðar vægari kröfur hvað þetta varðar en öðrum slíkum sjóðum. Í dag halda framkvæmdastjórar lífeyrissjóða utan um rekstur og eignastýringu annars vegar og vörslu, bókhald og skýrslugjöf til stjórnar og Fjármálaeftirlits hins vegar. Það liggur fyrir að þeir, og stjórnir slíkra sjóða, eru settir í stórkostlega áhættu þar sem ekki er skýr aðgreining á milli rekstrar og vörslu, enda geta hæglega orðið hagsmunaaðrekstrar þarna á milli.

Með hliðsjón af framangreindu telja SBV brýnt að fjármálaráðherra hlutist til um að breyta lögum þannig að lífeyrissjóðum verði búnar sambærilegar skyldur hvað aðskilnað reksturs og vörslu varðar og gildir um aðra fjárfestingarsjóði sem og að lokað verði fyrir heimildir þeirra til sjóðfélagalána eða þeim a.m.k. skorinn mun þrengri stakkur, sbr. það sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Afrit sent:
Fjármálaeftirlit
Viðskiptaráðuneyti

Alþingi
Erindi nr. P 130/1128
komudagur 25.2.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2004

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 129/1997 um skyldutr. lífeyrisrétt. og starfsemi lífeyrissj. (480. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð tekur undir það megingjónarmið sem fylgir frumvarpinu að fjármálafyrirtæki eða líftryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi í einu af aðildarríkjum EES eða aðildarríki EFTA geti á grundvelli þess opnað útibú í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi og geti boðið fram þjónustu sína þar án þess að opna útibú. Verslunarráðið er því fylgjandi þessu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigbrúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is